

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 11. desember 2015 kl. 12:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi ráðuneytisins á 1. hæð, Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur og Guðna Geir Einarssyni.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ FRÁ FUNDI RÁÐGJAFARNEFNDAR MEÐ GRUNNI

Lögð var fram til kynningar fundargerð frá árlegum fundi ráðgjafarnefndar með Grunni, félagi forstöðumanna skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúum sveitarfélaga sem haldinn var 27. nóvember sl.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2015

Fjáraukalög

Fram kom að við III. umræðu frumvarps til fjáraukalaga 2015 hafi engar nýjar tillögur um breytingar komið fram.

Eins og fram kom á fundi nefndarinnar 28. nóvember sl. hafa orðið umtalsverðar hækkunir á lögbundnu framlögum sjóðsins frá fjárlögum 2015 eða um 931,0 m.kr. Áætlaðar heildartekjur sjóðsins á árinu 2015 nema nú 40.190,0 m.kr. Til viðbótar er síðan um að ræða óhafin framlög frá fyrra ári að fjárhæð 286,0 m.kr. Áætlað ráðstöfunarfjármagn sjóðsins á árinu 2015 nemur því samtals 40.476,0 m.kr.

Hvað gjaldahlíð áætlunarinnar varðar þá nema áætluð gjöld sjóðsins 39.235,0 m.kr. og óráðstafað er því fjármagni að fjárhæð 1.241,0 m.kr.

Fram kom að í lögum um tekjustofna sveitarfélaga sé kveðið á um að þeir fjármunir sem eftir verða í sjóðnum af lögbundnum framlögum frá ríki, þegar úthlutun til bundinna og sérstakra framlaga hefur farið fram, skuli renna til tekju- og útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu um 1.200,0 m.kr. hækkun á útgjaldajöfnunarframlögum ársins sem munu þá nema samtals 7.250,0 m.kr. Óráðstafað verður þá 41,0 m.kr. og áætluð heildargjöld nema 40.476,0 m.kr.

SAMEINING SVEITARFÉLAGA

Sérstakt framlag vegna skerðingar á jöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar

Á grundvelli e-liðar 1. gr. reglna, nr. 295/2003, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga er greitt sérstakt framlag í fjögur ár frá sameiningarári að telja er nemur samtals þeirri skerðingu sem verður á tekju- og útgjaldajöfnunarframlögum til sveitarfélaga í kjölfar sameiningar.

Að teknu tilliti til þeirrar skerðingar sem varð á útgjaldajöfnunarframlögum til nýja sveitarfélagsins við sameiningu Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness á árinu 2013 og þeirrar fjárhæðar sem varið er til úthlutunar á grundvelli A-hluta framlaganna í ár, 6.500,0 m.kr., nemur framlagið vegna skerðingarinnar 127,1 m.kr. Engin tekjujöfnunarframlög voru greidd til sveitarfélaganna áður.

Ráðgjafarnefndin samþykkti því að leggja til að úthlutun framlags til Garðabæjar á grundvelli e-liðar 1. gr. reglnanna nr. 295/2003 nemi 127,1 m.kr. á árinu 2015. Til greiðslu á árinu hafa hafa komið 48,6 m.kr. Eftirstöðvar að fjárhæð 78,5 m.kr. koma til greiðslu fyrir áramót.

Framlög vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnssýslu

Á grundvelli f-liðar 1. gr., sbr. c-lið 3. gr. reglnanna nr. 295/2003 eru greidd framlög í allt að 5 ár til endurskipulagningar þjónustu og stjórnssýslu í nýju sveitarfélagi.

Skil á greinargerð um framgang áforma um endurskipulagninguna á árinu er forsenda þess að framlag ársins komi til greiðslu að fullu. Lagðar voru fram til kynningar greinargerðir frá þeim sveitarfélögum er sameinuðust á árunum 2012 og 2013 og enn njóta framlaga úr sjóðnum á grundvelli reglna nr. 295/2003. Á grundvelli greinargerðanna samþykkti nefndin eftirfarandi tillögur um úthlutun framlaga á árinu:

Húnaþing vestra 3,6 m.kr. Þar af hefur 1,8 m.kr. komið til greiðslu á árinu.

Garðabær 15,0 m.kr. Þar af hafa 7,5 m.kr. komið til greiðslu á árinu.

JÖFNUN Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Á fundi ráðgjafarnefndar 28. maí 2015 var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu uppgjóri framlaga til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2015 samkvæmt reglugerð, nr. 80/2001 með síðari breytingum. Tillagan byggði á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2014, þar sem tekið er tillit til aðlögunar að breytingum á fasteignamati vegna atvinnuhúsnæðis, ásamt upplýsingum um álagningarprósentur sveitarfélaga á fasteignaskatti á árinu 2015 og upplýsingum um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega á árinu. Uppgjör framlaganna fór fram mánuðina júlí – september sl.

Með tilvísun til hækkunar á lögbundnu framlagi frá ríki á fjáráukalögum 2015, er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs, hækkaði ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaganna úr 3.459,1 m.kr. í 3.730,4 m.kr. eða um 271,3 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti því að leggja til að uppgjör framlaga vegna jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2015 tæki mið af 271,3 m.kr. sem kæmu til greiðslu fyrir áramót.

ALMENNAR HÚSALEIGUBÆTUR

Hækkun á greiðsluhlutfalli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á fundi ráðgjafarnefndar 8. apríl 2015 var áætlað greiðsluhlutfall sjóðsins vegna greiðslu sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á árinu 2015 hækkað úr 63,2% í 66,0% vegna áætlunar um aukið ráðstöfunarfjármagn sjóðsins.

Fram kom, með tilvísun til hækkunar á 2,12% framlaginu frá ríki á fjáráukalögum, að ætla megi að enn verði hægt að hækka greiðsluhlutfall sjóðsins vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2015. Greiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum hafa hins vegar ekki gengið eftir á árinu. Sé tekið mið af þremur fyrstu ársfjórðungunum þá eru greiðslur sveitarfélaganna um 250,0 m.kr. lægri en áætlanir þeirra sögðu til um.

Þegar greiðslur IV. ársfjórðungs liggja fyrir mun greiðsluhlutfall almennra húsaleigubóta á árinu 2015 verða tekið til endanlegrar afgreiðslu.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Beiðni um áframhaldandi framlag v. sóknaráætlunar landshluta

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi innanríkisráðuneytisins, dags. 25. nóvember 2015. Í erindinu kemur fram að allt frá árinu 2011 hafi að beiðni ráðuneytisins og á grundvelli samþykkrar tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga komið árlega til úthlutunar sérstakt framlag að fjárhæð 25,0 m.kr. á grundvelli heimildar í 11. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 vegna þátttöku landshlutasamtaka sveitarfélaga í verkefninu *Sóknaráætlun landshluta*. Með framlaginu hefur verið komið til móts við kostnað samtakanna vegna ferðalaga og fundahalda um

framkvæmd verkefnisins bæði innan héraðs og í samskiptum við önnur landshlutasamtök og stjórnvöld.

Í erindi ráðuneytisins kemur jafnframt fram að 10. febrúar 2015 hafi verið undirritaðir nýir samningar við landshlutasamtökin um framkvæmd verkefnisins og eru þeir til fimm ára. Á grundvelli laga sem samþykkt voru frá Alþingi 30. júní 2015 var fest í sessi formgert verklag sóknaráætlana, sem hefur verið í mótun frá árinu 2011 og það tengt byggðáætlun.

Með tilvísun til þessa og þar sem landshlutasamtökin verða áfram burðarásinn í samskiptum við stýrihóp stjórnarráðsins hvað verkefnið varðar leggur innanríkisráðuneytið til að um sama fyrirkomulag verði að ræða næstu 5 árin á greiðslum framlaga til *Sóknaráætlunar landshluta*.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að framangreind tillaga ráðuneytisins um aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga væri tekin til greina hvað árin 2016, 2017 og 2018 varðar eða þau ár sem skipunartími nefndarinnar varir. Við greiðslu á 25,0 m.kr. árlegu framlagi verða sömu viðmið notuð og áður.

Aðgerðaráætlun um styrkingu sveitarstjórnarstigsins

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi innanríkisráðuneytisins, dags. 10. desember 2015. Í erindinu kemur fram að ráðherra hafi skipað fimm manna verkefnisstjórn sem ætlað er að vinna að mótun aðgerðaráætlunar um styrkingu sveitarstjórnarstigsins. Verkefnið byggir á stefnumörkun ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar að lútandi. Áætluð verklok eru vorið 2017.

Með tilvísun til lögbundins hlutverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. f-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, um greiðslur framlaga til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra, leggur ráðuneytið til að til fjármögnunar á verkefninu komi framlag úr Jöfnunarsjóði sem nemur allt að 20,0 m.kr.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að beiðni ráðuneytisins væri tekin til greina og til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð allt að 20,0 m.kr. á grundvelli f-liðar 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Framlagið mun koma til greiðslu eftir framgangi verkefnisins.

Ráðgjafarnefndin óskaði eftir því að við verklok bærist nefndinni lokaskýrsla verkefnisstjórnarinnar og fram færi kynning á henni.

Við umfjöllun og afgreiðslu á erindi ráðuneytisins vék Guðný Sverrisdóttir formaður ráðgjafarnefndar af fundi.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG 2015

Endurskoðun og uppgjör framlaganna

Á fundi ráðgjafarnefndar 26. október sl. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2015, sbr. 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010. Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins til greiðslu framlaganna samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að sveitarfélög væru hækkuð upp í 95,22% af meðaltekjum í viðkomandi viðmiðunarflokki. Til úthlutunar kom framlag að fjárhæð 1.247,1 m.kr. og komu ¾ hlutar framlagsins til greiðslu í október eða samtals 935,3 m.kr.

Lögð var fram á fundinum til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðuðum útreikningi og úthlutun framlaganna á grundvelli leiðréttrar skrár um skatttekjur sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að tillagan væri tekin til greina og sveitarfélög væru hækkuð upp í 95,25% af meðaltekjum í viðkomandi flokki. Með tilvísun til þessa verður heildarúthlutun framlaganna sú sama og í október eða 1.249,6 m.kr. Eftirstöðvar framlagsins að fjárhæð 312,4 m.kr. koma til greiðslu fyrir áramótin.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG 2015

Endurskoðun og uppgjör framlaganna

Á fundi ráðgjafarnefndar 8. apríl 2015 var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð tillaga að úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga fyrir árið 2015, skv. 13. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, samtals að fjárhæð 6.050,0 m.kr. Fjárhæð framlaganna á grundvelli A-hluta námu 5.300,0 m.kr. og 750,0 m.kr. á grundvelli B-hluta.

Á fundinum nú var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð tillaga að úthlutun framlaganna vegna ársins 2015.

Við endurskoðun framlaganna nú er tekið mið af hámarkstekjum á íbúa í hverju sveitarfélagi miðað við forsendur endanlegra tekjujöfnunarframlaga ársins 2015. Á grundvelli aukins ráðstöfunarfjármagns á árinu samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu um hækkun á úthlutun framlaganna um 1.200,0 m.kr., sbr. umfjöllun hér að framan undir liðnum greiðslu- og rekstraráætlun 2015.

Með tilvísun til þessa nema endanleg útgjaldajöfnunarframlög ársins 7.250,0 m.kr., 6.500,0 m.kr. á grundvelli A-hluta og 750,0 m.kr. á grundvelli B-hluta.

SKÓLAAKSTUR ÚR DREIFBÝLI

Viðbótarframlag

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu yfirlit yfir framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B - hluta 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010 sem nema samtals 750,0 m.kr. á árinu 2015 eins og fram hefur komið. Til úthlutunar á árinu komu 575,0 m.kr. sem greiddar voru mánaðarlega með jöfnum greiðslum. Á grundvelli umsókna og sérstakra vinnureglna frá 11. desember 2012 koma til úthlutunar viðbótarframlög sem nema allt að 175,0 m.kr. vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2015 umfram tekjur.

Helstu forsendur við útreikning viðbótarframlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2015 eru:

- Kostnaður við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2015 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.
- Skerðing framlaganna sem tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi, sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2015.

Umsóknir bárust frá 24 sveitarfélögum af 45 sem njóta framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2015. Að teknu tilliti til framangreindra forsendna nemur heildarfjárhæð umsókna 208,7 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að fjárhæð viðbótarframlaga á árinu 2015 væri aðlöguð að fjármagni til ráðstöfunar og næmi samtals 175,0 m.kr.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS

FRAMLÖG VEGNA SÉRSTAKRAR ÍSLENSKUKENNSLU NÝRRA ÍSLENDINGA

Möguleg útvíkkun á reglum sjóðsins vegna hælisleitenda og flóttafólks

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg framlög vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga á grundvelli 5. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla. Aðalforsendur fyrir greiðslu framlaganna eru eftirfarandi:

- Nemendur eigi lögheimili í því sveitarfélagi sem sækir um framlagið.
- Nemendur séu á grunnskólaaldri, séu í þörf fyrir sérstaka íslenskukennslu og njóti hennar.

Fram kom á fundinum að í umsóknum sveitarfélaganna fyrir árið 2016 um framlag vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga væru 30 einstaklingar sem væru börn flóttamanna og hælisleitenda. Þau börn eru ekki komin með kennitölur og njóta því ekki framlaga úr Jöfnunarsjóði.

Verkefnisstjóri og kennsluráðgjafi Jöfnunarsjóðs hvað þessi framlög varðar fer þess á leit við ráðgjafarnefnd sjóðsins að skoðað verði hvort möguleiki sé á að börn hælisleitenda og flóttafólks falli undir vinnureglur sjóðsins vegna framlaganna.

Í umfjöllun nefndarinnar um framangreinda beiðni kom fram að gerðir væru sérstakir samningar við sveitarfélög um móttöku og fyrirgreiðslu flóttafólks og hælisleitenda. Nauðsynlegt væri því að fá upplýsingar um hvort mögulegar breytingar á vinnureglum sjóðsins varðandi úthlutun framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu gætu brotið í bága við þá samninga.

Ráðgjafarnefndin samþykkti því að leggja til að afgreiðslu á framangreindri beiðni verkefnisstjórans væri frestað og leitað umsagnar ráðuneytisins þar að lútandi.

ÖNNUR FRAMLÖG

Framlög vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla 2014

Breiðdalshreppur

Á grundvelli 2. töluliðar 8. gr. reglugerðar, nr. 351/2002, er heimilt að veita framlög til sveitarfélaga vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla umfram þær tekjur sem sveitarfélögum voru tryggðar með hækkun útsvari og framlögum úr Jöfnunarsjóði í kjölfar yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1996.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Breiðdalshreppi, dags. 18. nóvember 2015 um framlag vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árinu 2014.

Að teknu tilliti til endanlegs útsvarsstofns sveitarfélagsins fyrir árið 2014, kostnaðar sveitarfélagsins við rekstur grunnskóla á árinu 2014 og vinnureglna sjóðsins samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að umsókn Breiðdalshrepps væri tekin til greina og til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 2.482.898 kr.

ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2015

Endurskoðun á úthlutun framlaga

Á fundi ráðgjafarnefndar 27. nóvember sl. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endanlegri áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 á grundvelli 3. gr. reglugerðar, nr. 63/2015.

Frá fundinum 27. nóvember sl. hafa borist niðurstöður úr SIS-mötum frá þremur þjónustusvæðum, Mosfellsbæ, Norðurþingi og Suðurlandi. Með tilvísun til þessa var lögð fram á fundinum endurskoðuð tillaga að endanlegri áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015. Um sömu heildarfjárhæð framlaga er að ræða, 10.700 m.kr., en breyting hefur orðið á innbyrðis skiptingu milli þjónustusvæða.

SÉRSTÖK VIÐBÓTARFRAMLÖG 2015

Endurskoðun ráðstöfunarfjármagns – Uppgjör

Í tengslum við framangreinda tillögugerð að úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 samþykkti ráðgjafarnefndin að kanna möguleika þess að hækka sérstöku viðbótarframlögin, vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við rekstur málaflokksins á árinu 2015 umfram tekjur, úr 175,0 m.kr. í 200,0 m.kr.

Með tilvísun til þess voru lögð fram á fundinum yfirlit yfir áhrif þess á niðurstöður framlaga til svæðanna hvort viðbótarfjármagni úr Jöfnunarsjóði sé varið til hækkunar sérstakra viðbótarframlaga eða almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks.

Í ljósi niðurstaðna samþykkti nefndin að leggja til að viðbótarfjármagni að fjárhæð 25,0 m.kr. væri varið til hækkunar á sérstökum viðbótarframlögum úr 175,0 m.kr. í 200,0 á árinu 2015.

Í ljósi áætlunar um endanleg almenn jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk árinu 2015 var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endanlegri úthlutun sérstakra viðbótarframlaga á árinu 2015 samtals að fjárhæð 200,0 m.kr.

Við tillögugerðina er tekið mið af eftirfarandi forsendum:

- Lækkun framlaga milli ára 2014 og 2015.
- Fjarlægðum frá leiðandi sveitarfélagi til annarra sveitarfélaga á svæðinu.
- Fjöldi sveitarfélaga innan hvers þjónustusvæðis þar sem veitt eru framlög vegna þjónustu við fatlaða einstaklinga.
- Þróun framlaga frá upphafi yfirfærslu.

Fyrri hluti viðbótarframlaga ársins, að fjárhæð 87,5 m.kr. kom til greiðslu í nóvember. Uppgjör framlaganna að fjárhæð 112,5 m.kr. fer fram fyrir áramótin.

LOKASAMKOMULAG RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA um fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk

Lagt var fram til kynningar lokasamkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk sem undirritað verður nú í desember.

Fram kemur í samkomulaginu að þrátt fyrir að aðilar hafi ekki náð saman um niðurstöðu matsins í verkefnisstjórninni sé það ásetningur ríkis og sveitarfélaga að ná heildstæðu samkomulagi um fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Aðilar séu sammála um að í stað hækkunar útsvarshlutfalls verði framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á grundvelli hlutfalls af skatttekjum ríkissjóðs hækkað til að tryggja fjárhagsafkomu sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk og til að koma til móts við óskir sveitarfélaga um breiðari grunn tekjustofna sveitarfélaga. Samkomulaginu er ætlað að tryggja bætta afkomu sveitarfélaga á grundvelli núverandi þjónustustigs lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks.

Fram kom að gert væri ráð fyrir að viðbótarfjármagn á grundvelli lokasamkomulagsins gæti numið allt að 1.500,0 m.kr. á árinu 2016 og hér væri um endanlega niðurstöðu um fjármögnun lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk að ræða samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks.

DRÖG AÐ REGLUGERÐ VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2016

Farið var yfir lokadrög að reglugerð um málefni fatlaðs fólks á árinu 2016.

Teknar voru á ný til umfjöllunar og afgreiðslu eftirfarandi tillögur um breytingar á reglugerðinni, sem ræddar voru á símafundi nefndarinnar þann 9. desember sl., og tengjast útreikningi almennra framlaga, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar:

- Vægi mælinga á útgjaldþörf verður hækkað úr 80% í 85% og vægi áætlaðs útsvarsstofns lækkað úr 20% í 14%.
- Við útreikning framlaganna verður bætt við breytu vegna fjarlægða sem hefur 1% vægi.
- Ákvæði um 33% regluna við mælingu á útgjaldþörf verður lækkað í 25%.

Fram kom að í nýrri reglugerð verði ekki lengur fjallað um sérstök viðbótarframlög í sér grein heldur verði getið um heimild til greiðslu þeirra framlaga í 2. gr. reglugerðarinnar þar sem framlög sjóðsins vegna yfirfærslunnar eru tilgreind. Ráðgjafarnefnd mun setja sérstakar reglur um úthlutun viðbótarframlaga sjóðsins.

Jafnframt kom fram að í nýrri 4. grein reglugerðarinnar, sem nú ber heitið *Önnur framlög*, komi inn nýtt ákvæði er heimili aðkomu sjóðsins að einstökum verkefnum, nýsköpun og þróunarvinnu í málaflokknum.

Á fundinum var einnig fjallað um mögulegt álag við útreikning almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk vegna búsetuúrræða þar sem engin slík úrræði eru til staðar. Nefndin var sammála um að skoða það mál betur. Því mun ákvæði þar að lútandi ekki vera í nýrri reglugerð fyrir árið 2016.

Komið var inn á mögulega útvíkkun á starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en þess getið að frekari umræðu þar að lútandi hefði verið frestað fram yfir áramótin.

Fram kom að stefnt væri að því að endurbætt lokadrög að nýrri reglugerð lægju fyrir fyrir jól. Þau yrðu send nefndarmönnum til skoðunar og samþykktar áður en óskað væri eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VÐ FATLAÐ FÓLK 2016

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fyrsta áætlun að úthlutun almennra jöfnunarframlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016. Áætlunin byggir á tillögum um breytingar á útreikningi framlaganna sem ræddar voru á símafundi nefndarinnar þann 9. desember sl. og staðfestar nú á fundinum, sbr. umfjöllun hér að framan.

Við yfirferð framlaganna kom fram að frá áramótum væru Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð orðin að sérstöku þjónustusvæði og teldust ekki lengur til Róta, byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra.

REYKJADALUR ORLOFS- OG HELGARDVALIR

Áframhaldandi umræða um mögulegt samkomulag um starfsemina á árinu 2016

Á fundi nefndarinnar 27. nóvember sl. kom fram í umfjöllun um mögulegt samkomulag um starfsemina á árinu 2016 að mikilvægt væri að fyrir lögju á næsta fundi upplýsingar um hvort starfsemin í Reykjadal væri leyfissskyld.

Fram kom nú á fundinum að leitað hefði verið upplýsinga þar að lútandi hjá forstjóra Barnaverndarstofu og eftirfarandi upplýsingar komið fram:

Á árinu 2011 tóku gildi breytt ákvæði barnaverndarlaga, sbr. 55. gr. laga nr 80/2011, sem kveða efnislega á um í 91. gr. að sækja skuli um leyfi fyrir heimili fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda þó svo að starfsemi slíkra heimila heyri jafnframt undir önnur lög, t.d. lög um málefni fatlaðs fólks. Samkvæmt því sem hér að framan greinir þarf Reykjadalur að sækja um starfsleyfi til Barnaverndarstofu og mun starfsmaður stofnunarinnar upplýsa rekstraraðila Reykjadals um áhrif þessarar lagabreytingar.

Samþykkt var að leggja til að framkvæmdastjóra Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, sem er rekstraraðili Reykjadals, væri tilkynnt um framangreint.

Fram kom hjá nefndinni vilji til að auka aðkomu Jöfnunarsjóðs að starfseminni í Reykjadal en eðlilegt væri að bíða með ákvörðun þar að lútandi þar til leyfi fyrir starfseminni lægi fyrir og úttekt á rekstrarhæfi starfseminnar hefði farið fram af óháðum aðila. Jafnframt kom fram hjá nefndinni að mikilvægt væri að velferðarráðuneytið væri aðili að nýju samkomulagi um starfsemina vegna faglegrar ábyrgðar ráðuneytisins.

ÖNNUR MÁL

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga – Rekstrargrunnur

Fram kom að fram til þessa hafi Jöfnunarsjóður verið gerður upp bæði á rekstrar- og greiðslugunni. Framlög sjóðsins sem byggja á lögbundnum framlögum frá ríki hafa verið gerð upp á rekstrargrunni

en framlög vegna yfirfærslu á rekstri grunnskólans og málefna fatlaðs fólks sem byggja á hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars hafa verið gerð upp á greiðslugrunni.

Tillaga liggur fyrir um að breytingu á þessu fyrirkomulagi taki gildi um næstu áramót og mun sveitarfélögum verða tilkynnt bréflaga um þessar breytingar á næstu dögum.

Með tilvísun til þessa verður ekki hægt að loka árinu fyrir en í lok janúar þegar staðgreiðslan vegna desember hefur komið fram og framlög vegna yfirfærslu grunnskólans og málefna fatlaðs fólks verið gjaldfærð þann 31. desember vegna 13. mánaðarins. Framlög vegna 13. mánaðarins koma hins vegar ekki til greiðslu fyrir en í lok janúar.

Hagstofa Íslands – hýsing veftaflna

Samningur milli Hagstofu Íslands og innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um hýsingu veftaflna hefur verið í gildi frá 20. apríl 2011.

Í bréfi Hagstofunnar, dags. 27. nóvember 2015, sem lagt var fram á fundinum til kynningar, kemur fram að samningnum sé sagt upp frá næstu áramótum.

Ástæða uppsagnarinnar eru breytingar á vef Hagstofunnar og tekur stofnunin ekki lengur að sér að birta efni fyrir aðra og mun framvegis eingöngu birta efni sem stofnunin sjálf hefur safnað og unnið.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Nú liggur fyrir að fjármálaráðstefna sveitarfélaga á árinu 2016 verður haldin dagana 22. og 23. september nk. Með tilvísun til þeirrar venju sem skapast hefur varðandi tímasetningu ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var lagt til að ársfundurinn verði haldinn 21. september nk.

Ráðgjafarnendin samþykkti þá tillögu og verður ársfundurinn nú haldinn í fundarsalnum Hvammi á Grand Hótel Reykjavík 21. september nk.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 15:30.

Elín Pálsdóttir